

Reykjanesbær
Gunnar Kr Ottósson
Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Garðabær, 27. mars 2024
Málsnúmer: 202402-0040
IAS

Efni: Kalmanstjörn, Nesvegur 50 – breyting á deiliskipulagi

Vísað er í tölvubréf frá Reykjanesbæ, dagsett 8. febrúar 2024 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á deiliskipulagi fyrir Kalmanstjörn, Nesvegi 50.

Fram kemur að byggingarreitur 2 stækkar lítillega um 1.500 m² til suðvesturs og leyfilegt byggingarmagn sama reits fer úr 5.500 m² í 11.000 m².

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillögurnar en fram kemur að um er að ræða lítilsháttar stækkun á byggingarreit inn á raskað svæði og tvöföldun á byggingarmagni. Staðsetning og útlit bygginga kemur ekki fram og því gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

